

Árshlutauppgjör 2F 2024

Orrí Hauksson og Óskar Hauksson

27. ágúst 2024



Lykiltölur úr rekstri

| | 2F 2024 | 1H 2024 |
|---------------|--|--|
| Tekjur | 6.871 m.kr. 2F 2023: 6.283 m.kr. | 13.446 m.kr. 1H 2023: 12.581 m.kr. |
| EBITDA* | 1.726 m.kr. 2F 2023: 1.410 m.kr. | 3.161 m.kr. 1H 2023: 2.725 m.kr. |
| EBITDA %* | 25,1% 2F 2023: 22,4% | 23,5% 1H 2023: 21,7% |
| EBIT* | 636 m.kr. 2F 2023: 362 m.kr. | 1.067 m.kr. 1H 2023: 680 m.kr. |
| Fjárfestingar | 771 m.kr. 2F 2023: 953 m.kr. | 2.063 m.kr. 1H 2023: 2.569 m.kr. |

| Nettó skuldir / 12M EBITDA* | Handbært fé | Eiginfjárhlutfall | Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta |
|--------------------------------|--|--------------------------------|---|
| 1,47x 4F 2023: 0,95x | 1.634 m.kr. 4F 2023: 1.810 m.kr. | 46,3% 4F 2023: 52,1% | 2.099 m.kr. 2F 2023: 1.394 m.kr. |



Rekstur



Rekstrarreikningur

| Rekstrarreikningur | 2F | | | 1H | | |
|----------------------|----------|----------|--------|----------|----------|--------|
| | 2024 | 2023 | % | 2024 | 2023 | % |
| Rekstrartekjur | 6.871 | 6.283 | 9,4% | 13.446 | 12.581 | 6,9% |
| Kostnaðarverð sölu | (4.527) | (4.110) | 10,1% | (8.707) | (8.265) | 5,3% |
| Rekstrarkostnaður | (1.708) | (1.811) | -5,7% | (3.672) | (3.636) | 1,0% |
| EBIT | 636 | 362 | 75,7% | 1.067 | 680 | 56,9% |
| Hrein fjármagnsgjöld | (320) | (145) | 120,7% | (515) | (146) | 252,7% |
| Tekjuskattur | (72) | (38) | 89,5% | (137) | (109) | 25,7% |
| Hagnaður tímabils | 244 | 179 | 36,3% | 415 | 425 | -2,4% |
| EBITDA | 1.726 | 1.410 | 22,4% | 3.161 | 2.725 | 16,0% |
| Hagnaður á hlut | 0,09 | 0,06 | 50,0% | 0,16 | 0,13 | 23,1% |

Tekjur af kjarnaþjónustu aukast um 5,3% á 2F

- Sjónvarpstekjur aukast um rúm 6%
 - Tekjur af Síminn Premium aukast um 13%
- Farsímatekjur aukast um rúm 6%
 - Viðskiptavinum heldur áfram að fjölga
 - Reikitekjur af erlendum ferðamönnum lækka um tæp 20%
- Gagnaflutningstekjur aukast um tæp 4%




Rekstur fyrirtækja sem Síminn tók yfir á auglýsingamarkaði er hluti af samstæðu á 2F

- Tekjur voru tæplega 400 m.kr.

Rúmlega 22% EBITDA vöxtur á 2F milli ára og EBIT vöxtur var tæp 76%

Heildarkostnaður að mestu óbreyttur á milli ára fyrir utan innviðakostnað sem hækkar vegna mikillar verðbólgu

Vaxtagjöld ríflega tvöföld mv. 2F 2023. Fjárfesting í félögum á 1F 2024 var að mestu fjármögnuð með lántöku



Tekjur eftir starfspáttum

| Starfspættir | 2F | | | | 1H | | | |
|-------------------|--------------|--------------|------------|-------------|---------------|---------------|------------|-------------|
| | 2024 | 2023 | Breyting | % | 2024 | 2023 | Breyting | % |
| Farsími | 1.690 | 1.592 | 98 | 6,2% | 3.318 | 3.105 | 213 | 6,9% |
| Gagnaflutningur | 2.065 | 1.989 | 76 | 3,8% | 4.129 | 3.955 | 174 | 4,4% |
| Sjónvarpsþjónusta | 1.907 | 1.795 | 112 | 6,2% | 3.916 | 3.633 | 283 | 7,8% |
| Vörusala | 399 | 406 | -7 | -1,7% | 823 | 878 | -55 | -6,3% |
| Annað | 810 | 501 | 309 | 61,7% | 1.260 | 1.010 | 250 | 24,8% |
| Samtals | 6.871 | 6.283 | 588 | 9,4% | 13.446 | 12.581 | 865 | 6,9% |


Farsími: Farsímaþjónustu hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.

Gagnaflutningur: Gagnaflutningsþjónustu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.

Sjónvarp: Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.

Vörusala búnaðar: Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Annað: Tekjur tengdar fjarskiptum, talsímaþjónustu, upplýsingatækni og fjármálum. Tekjur Billboard falla hér undir.





Ágæt tekjuaukning og kostnaðaraðhald skilar árangri á fyrri helmingi árs

Sala hefur gengið vel á fyrri helmingi þess árs en að sama skapi er brottfall meira en í sögulegu samhengi

- Minnkað brottfall er sérstakur áherslupunktur hjá Símanum og fjölmargar aðgerðir í gangi til að ná því fram
- Áframhaldandi áhersla lögð á bættu þjónustuferla og upplifun viðskiptavina Símans

Talsverð fjölgun er í farsíma það sem af er ári en minni fjölgun í öðrum vöruflokkum

Kostnaður án nýrra dótturfélaga eykst um tæp 2% það sem af er ári

- Góð niðurstaða í ljósi þess að stærsti kostnaðurliður Símans er að hluta til verðtryggður

Innleiðing á nýjum félögum á auglýsingamarkaði hefur gengið vel

- Auglýsingatekjur nú um 8% af heildartekjum samstæðu

Haustið mikilvægur tími í sölu og fer vel af stað

Síminn er því bjartsýnn á að tekjuþróun ársins og væntingar um afkomuvöxt standist





Efnahagur og sjóðstreymi




Efnahagsreikningur


| Eignir | 30.06.2024 | 31.12.2023 |
|----------------------------|---------------|---------------|
| Rekstrarfjármunir..... | 3.495 | 2.552 |
| Leigueignir..... | 1.534 | 732 |
| Óefnislegar eignir..... | 24.918 | 21.047 |
| Aðrar eignir..... | 450 | 431 |
| Fastafjármunir | 30.397 | 24.762 |
| Birgðir..... | 1.115 | 1.257 |
| Viðskiptakröfur..... | 2.280 | 2.279 |
| Útlán..... | 2.874 | 2.715 |
| Aðrar skammtímakröfur..... | 1.244 | 966 |
| Handbært fé..... | 1.634 | 1.810 |
| Veltufjármunir | 9.147 | 9.027 |
| Eignir samtals | 39.544 | 33.789 |

| Skuldir og eigið fé | 30.06.2024 | 31.12.2023 |
|------------------------------------|---------------|---------------|
| Eigið fé..... | 18.318 | 17.600 |
| Eigið fé | 18.318 | 17.600 |
| Vaxtaberandi skuldir..... | 11.441 | 7.470 |
| Leiguskuldbindingar..... | 1.134 | 503 |
| Tekjuskattskuldbinding..... | 276 | 232 |
| Langtímaskuldir | 12.851 | 8.205 |
| Vaxtaberandi skuldir..... | 2.226 | 2.281 |
| Viðskiptaskuldir..... | 3.517 | 4.261 |
| Næsta árs afborganir..... | 885 | 276 |
| Aðrar skammtímaskuldir..... | 1.747 | 1.166 |
| Skammtímaskuldir | 8.375 | 7.984 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 39.544 | 33.789 |


Hreinar vaxtab. sk. með leiguskuldb. og Pay útlánnum




Eiginfjárhlutfall



Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA*



Arðsemi eigin fjár*



Hreinar vaxtaberandi skuldir taka tillit til útlána hjá Símanum Pay. Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA fyrir 2F 2024 inniheldur EBITDA Billboard.
*Án stjórnvaldssektar sem greidd var 2020 og endurgreidd 2022.

Sjóðstreymi

| Sjóðstreymi | 1H 2024 | 1H 2023 |
|--|-----------------|---------------|
| Rekstrarhreyfingar | | |
| Rekstrarhagnaður tímabils..... | 1.067 | 680 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Afskriftir..... | 2.094 | 2.045 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi..... | 37 | 1 |
| | <u>3.198</u> | <u>2.726</u> |
| | | |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum..... | 180 | (162) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 3.378 | 2.564 |
| | | |
| Nettó greiddir vextir..... | (407) | (6) |
| Greiddir skattar..... | (233) | (394) |
| Handbært fé frá rekstri | 2.738 | 2.164 |
| | | |
| Fjárfestingahreyfingar | | |
| Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum..... | (2.063) | (2.569) |
| Útlán Símans Pay..... | (207) | (554) |
| Kaup á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé..... | (3.732) | 0 |
| Sala á verðbréfi..... | 0 | 15.685 |
| Fjárfestingahreyfingar | <u>(6.002)</u> | <u>12.562</u> |
| | | |
| Fjármögnunarahreyfingar | | |
| Greiddur arður | (499) | (499) |
| Viðskipti með eigin bréf..... | (234) | (1.452) |
| Útgreitt hlutafé..... | 0 | (15.580) |
| Afborganir leiguskuldbindingar..... | (168) | (129) |
| Nettó breyting á lánum..... | <u>3.992</u> | <u>(21)</u> |
| Fjármögnunarahreyfingar | 3.091 | (17.681) |
| | | |
| Breytingar á handbæru fé..... | (173) | (2.955) |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé..... | (3) | (39) |
| Handbært fé í upphafi árs..... | 1.810 | 3.721 |
| | | |
| Handbært fé í lok tímabilsins..... | <u>1.634</u> | <u>727</u> |

Yfirtaka Símans á þremur félögum á auglýsingamarkaði hefur talsverð áhrif á efnahag:

- Eignir aukast um 6.450 m.kr. og þar af viðskiptavild upp á 4.400 m.kr.
- Skuldir aukast um 1.565 m.kr.

Til að fjármagna kaupin þá dró Síminn 3 ma.kr. á lánalínu sem félagið hefur átt ónýtt síðan árið 2021. Að auki voru afhent eigin bréf í Símanum fyrir 1 ma.kr. og það sem eftir stóð var greitt með handbæru fé.

Gengið var frá stækkun á skuldabréfaflokki Símans á 1F sem er á gjalddaga 30. júní 2026



- Vextir flokksins eru 1M REIBOR + 1,3% álag og eru greiddir mánaðarlega
- Stækkun flokksins nam 1,5 ma.kr. og er heildarstærð nú 3 ma.kr.

Útgáfurammi Símans í kauphöll er 6 ma.kr. og af því eru nú alls 5,4 ma.kr. nýttir



Fjárfestingar

Fjárfestingar



Fjárfesting í sjónvarpsefni og sýningarréttum nema um 40% af heildarfjárfestingu á 2F 2024 og ríflega 50% á fyrri helmingi ársins

- Síðasta greiðsla vegna sýningarréttar að ensku úrvalsdeildinni, fyrir samningstímabilið sem hófst 2022, féll til á fyrsta fjórðungi ársins

Uppbygging og viðhald tæknilegra innviða samanstendur af uppfærslu stafrænna þjónustuinnsviða, endurnýjun kjarnabúnaðar í farsíma og styrkingu sjónvarpsinnsviða



Um starfsemina





Forstjóraskipti hjá Símanum

- Þann 21. júní sl. var tilkynnt um forstjóraskipti hjá Símanum
- Orri Hauksson sem verið hefur forstjóri Símans frá árinu 2013 lætur af störfum um mánaðamótin
- María Björk Einarsdóttir verður næsti forstjóri Símans
 - Hefur starfað sl. þrjú ár sem fjármálastjóri Eimskips og þar áður starfaði hún í sjö ár sem framkvæmdastjóri Ölmú íbúðafélags
 - B.Sc. í rekstrarverkfræði með áherslu á fjármál frá Háskólanum í Reykjavík og próf í verðbréfavíðskiptum
 - María Björk hefur störf í byrjun september





Miklar breytingar á sjónvarpsþjónustu

Stórar uppfærslur hafa verið gerðar á sjónvarpsþjónustu Símans á liðnum mánuðum

- Nýlega fór nýtt og nútímanlegra viðmót í loftið sem byggir á endurgjöf viðskiptavina og helstu straumum og stefnum viðmótshönnunar
- Samhliða voru framkvæmdar breytingar á bakendakerfum Sjónvarp Símans appsins sem mun bæta upplifun notenda til muna
- Síminn Sport hefur verið færður alfarið inn í Sjónvarp Símans Premium og samhliða því er verið að gera heildsölusamninga við Nova og Sýn um sölu á áskriftum að Sjónvarpi Símans Premium sem er nýjung





Spennandi dagskrá

Þrjár nýjar leiknar þáttaraðir verða frumsýndar í haust

- Dimma er ný þáttaröð sem byggir á bók Ragnars Jónassonar og er unnin í samstarfi við CBS og Paramount. Risavaxið alþjóðlegt verkefni sem gerist á Íslandi í leikstjórn Lasse Hallström og sænska leikkonan Lena Olin fer með aðalhlutverkið. Fjöldi íslenskra leikara taka þátt ásamt að fjöldi íslensks fagfólks kom að gerð þáttanna.
- Útilega, létt og skemmtileg gamanþáttaröð sem dregur upp einlæga og skemmtilega mynd af Íslendingum nútímans. Þættirnir eru í leikstjórn Fannars Sveinssonar og einvalalið leikara kemur við sögu.
- Önnur þáttaröð IceGuys verður frumsýnd í Sjónvarpi Símans Premium. Fyrsta þáttaröðin sló áhorfsmet í Sjónvarpi Símans og því mikil eftirvænting fyrir framhaldinu.
- Lubbi finnur málbein, þáttaröð fyrir börn, verður frumsýnd 29. ágúst. Þáttaröðin er mikilvægt framlag í að efla íslenska tungu meðal yngstu áhorfenda sem þekkja Lubba flest enda bókin til á flestum leikskólum landsins.





Sýningarréttur ensku úrvaldsdeildarinnar

Í júní sl. var tilkynnt að samkeppnisaðili Símans hefði tryggt sér sýningarréttinn á ensku úrvaldsdeildinni frá og með tímabilinu 2025 – 2026. Rétturinn nær út tímabilið 2027 – 2028.

Síminn tryggði sér réttinn árið 2018 og endurnýjaði réttinn árið 2021.

Beinar tekjur Símans af réttinum koma frá stökum áskriftum til viðskiptavina Símans, heildsölu til annarra fjarskiptafélaga og auglýsingatekjum.

Enski boltinn hefur einnig verið hluti af Premium, Heimilis- og Þægilega pakkanum.

Síminn gerir ráð fyrir að fá heildsöluaðgang að vörunni þrátt fyrir að halda ekki á réttinum og því munu viðskiptavinir Símans áfram geta fylgst með enska boltanum þrátt fyrir að sýningarrétturinn færirist.

Erfitt er að segja nákvæmlega til um hver áhrif þessara breytinga verða á afkomu Símans fyrr en það liggur fyrir hvernig endanlegt heildsölusamkomulag verður.

Þó er ljóst að tekjur munu lækka en áhrif á afkomu mun skýrast síðar en verða væntanlega ekki mikil. Jafnframt liggur fyrir að fjárfestingar félagsins munu lækka verulega næstu árin.





Kaup Símans á Noona

Þann 8. júní sl. undirritaði Síminn kaupsamning um kaup á öllu hlutafé í Noona Iceland ehf., sem heldur utan um innlendan rekstur Noona Labs ehf. Í framhaldinu mun dótturfyrirtæki Símans, Síminn Pay, stýra sameiginlegum rekstri fyrirtækjanna ásamt því að þróa nýjar lausnir Símans Pay inni í vistkerfi Noona, viðskiptavinum til hagsbóta.

Markmið Símans með kaupunum er að styrkja Símasamstæðuna enn frekar sem eitt öflugasta þjónustufyrirtæki landsins.

Noona var valin vinsælasta vefþjónusta landsins í árlegri mælingu Maskínu og var valið app ársins 2023. Lausnir Noona og SalesCloud voru nýlega samþættar og bjóða nú upp á bókunarkerfi fyrir þjónustuaðila og veitingastaði, sölukerfi, gjafabréfalausnir, sjálfsafgreiðslulausnir, netsölulausnir, vefsíður, lagerkerfi, viðskiptamannakerfi, stimpilklukku, markaðssetningarkerfi og fleira.

Noona Iceland veitir um 1.300 fyrirtækjum á Íslandi þjónustu í dag og fjölgar þeim ört. Viðskiptavinir SalesCloud voru um 300 talsins við sameiningu félagsins við Noona fyrr á árinu. Yfir 120.000 Íslendingar hafa sótt Noona appið og yfir 200.000 bókanir eiga sér stað á hverjum mánuði í gegnum kerfi Noona á Íslandi. Samanlagt voru Noona og SalesCloud með ríflega 300 milljónir króna í árstekjur árið 2023 á Íslandi.


Samkeppniseftirlitið hefur kaupin til umfjöllunar og gerum við ráð fyrir að kaupin klárast fyrir lok árs.





Síminn Pay tekur yfir lánasafn

- Síminn Pay hefur skrifað undir samkomulag við Rapyd Europe hf. um að Síminn Pay muni taka yfir kortalán og greiðsludreifingar VISA og MasterCard korthafa sem sett voru á laggirnar og starfrækt af hálfu Valitor.
- Með þessum viðskiptum munu um ellefu þúsund kortalán fyrir um 1,8 ma.kr. færast yfir til Símans Pay, dótturfélags Símans.
- Í kjölfarið mun Síminn Pay einbeita sér að því að þjónusta söluaðila, kynna nýjungar og einfalda viðskiptavinum að dreifa greiðslum að vild.
- Með viðskiptunum verður Síminn Pay betur í stakk búið að auka lán enn frekar og þróa nýjungar á markaði.
- Gert er ráð fyrir jákvæðum áhrifum á rekstur Símans Pay strax á fyrsta heila árinu eftir að viðskiptin ganga í gegn.
- Viðskiptin eru háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.




Staða útlána Símans Pay í lok ársfjórðungs (m.kr.)



Hluthafar




Hluthafar



Hluthafar

- Hluthafar voru 969 í lok 2F 2024
- Greiddur var 500 m.kr. arður 5. apríl 2024
- Hlutafé var lækkað 27. mars 2024 um 125.000.000 eigin hluti og er hlutafé í félaginu 2.650.000.000
- Síminn greiddi hluta kaupverðs Billboard með eigin bréfum í Símanum, eða samtals 101.153.146 hluti
- Endurkaup á fyrri helmingi ársins námu 233 m.kr.
- Síminn á 104.778.744 eigin hluti sem nemur 3,95% af útgefnu hlutafé.
- Hlutabréf Símans hafa lækkað um 5,0% frá áramótum

| Hluthafar 26.8.2024 | Fjöldi hluta | Eignahlutur |
|------------------------------------|----------------------|----------------|
| Stoðir hf. | 461.194.170 | 17,40% |
| Brú Lífeyrissjóður starfs sveit | 274.877.095 | 10,37% |
| Lífeyrissj. starfsm. rík. A-deild | 258.771.439 | 9,76% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 220.422.187 | 8,32% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 149.446.085 | 5,64% |
| Birta lífeyrissjóður | 105.467.528 | 3,98% |
| Stefnir - Innlend hlutabréf hs. | 89.375.521 | 3,37% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 88.830.504 | 3,35% |
| Stapi lífeyrissjóður | 78.151.623 | 2,95% |
| Lífeyrissjóður starfsm Rvborgar | 71.407.033 | 2,69% |
| 10 stærstu hluthafar | 1.797.943.185 | 67,85% |
| Aðrir hluthafar | 747.278.071 | 28,20% |
| Samtals útistandandi hlutir | 2.545.221.256 | 96,05% |
| Eigin bréf | 104.778.744 | 3,95% |
| Heildarhlutafé | 2.650.000.000 | 100,00% |





Horfur 2024



Afkomuspá fyrir árið 2024

- Afkomuspá er óbreytt frá því sem birt var í kjölfar uppgjors í samstæðu á 1F 2024
- Tekjuþróun ársins er að mestu í takti við áætlun og sala gengur vel í upphafi hausts sem er eins og alltaf mikilvægur tími fyrir sölustarf félagsins
- Innleiðing nýrra fyrirtækja hefur gengið vel og afkoma þeirra samkvæmt væntingum
- Verðbólga er talsverð en vel hefur gengið að stýra kostnaði
- Ekki er gert ráð fyrir að Noona Iceland og kaup lánasafns verði hluti af rekstri á þessu ári

| | |
|---------------|-------------------|
| EBITDA | 7,0 – 7,3 ma.kr. |
| EBIT | 2,7 – 3,0 ma.kr. |
| Fjárfestingar | 3,3 – 3,6 ma.kr.* |



Viðaukar

Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

